

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Höfn



Dags eftirlits	11.6.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bragason	Staðsetning	684509,411	421611,985

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem gerðar voru undir liðnum önnur mál í eftirlitsskýrslu síðasta árs.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Höfn, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Upplýsingar um olíuleifar í frárennsli olíuskilju hafa borist Umhverfisstofnun. Notað var olíupróf Macherey Nagel og fannst olía ekki í frárennslinu.

Sex geymar eru í stöðinni á Höfn, fimm við Krosseyrarveg og einn svartolíugeymir við fiskimjölsverksmiðjuna á Óslandi. Komið er að botnþykktarmælingu á geymi T0042 og skulu niðurstöður mælinga berast Umhverfisstofnun á árinu.

Fyrirhugað er að þrýstiprófa þrjár lagnir á árinu og verða niðurstöður sendar Umhverfisstofnun.

Sjálfvirkur loki er í frárennsli þróa við Krosseyrarveg og er hann prófaður 2 – 3 sinnum á ári. Loki í frárennsli þróa við Ósland stóð lokaður. Olíuskilja og sandfang í stöðinni við Álaugaey var síðast þjónustað í nóvember 2013.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 20.06.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.